

Dalvíkurskóli

Bekkjarnámskrá 8. bekkjar
skólaárið 2016 - 2017

Umsjónarkennarar:

Magni Þór Óskarsson og Matthildur Matthíasdóttir

Teymiskennsla

Í Dalvíkurskóla er teymiskennsla sem byggist á því að tveir til þrír árgangar vinna töluvert saman og nokkrir umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendum. Nemendur 7. og 8. bekkjar bekk mynda eitt teymi og er þeim ýmist kennt í árgangaskiptum hópum eða blönduðum, bæði í bóklegum- og verklegum námsgreinum. Tveir umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum bekkjanna þó þeir skipti nemendahópnum á milli sín og hafi yfirumsjón með sínum bekk.

Íslenska

Kennari: Klemenzen Bjarki Gunnarsson og Magni Þór Óskarsson

Vikustundir: 4 klst. á viku.

Hæfniviðmið: að nemandi:

- **Lestur og bókmenntir:** Efli með sér áhuga fyrir lestri og geri sér grein fyrir mikilvægi læsis. Sé fær að velja sér lesefni til yndislesturs. Geti beitt mismunandi aðferðum s.s. skimun og nákvæmnislestri og læri að greina á milli aðal- og aukaatriða. Hafi nokkra færni í að lesa almenna texta af öryggi, túlka þá og mynda sér skoðun á þeim. Þekki nokkuð til bókmennta, geri sér grein fyrir gildi þeirra og fái kynningu á einstökum hugtökum innan bókmenntafræðinnar s.s. sjónarhorni, sögusviði og tíma.
- **tjáning:** Hafi skýra framsögn og geti nýtt sér leiðbeiningar um framsögn, áherslur tónfall og fas. Geti auðveldlega tekið þátt í samræðum um jafnt undirbúin sem óundirbúin viðfangsefni og beitt fyrir sig rökum og að í samskiptum gæti menn að tillitssemi, virðingu og kurteisi. Geti hlustað af athygli eftir fluttu efni hvort sem um er að ræða kynningu, lestur eða umræður; og brugðist við á viðeigandi hátt. Geti nýtt sér fjölmiðla og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess, auk þess að nota það á skapandi hátt.
- **Ritun:** hafi öðlast nokkra þekkingu á uppbyggingu texta og séu fær um að vinna með textagerðir sem hæfa hverju og einu tilfelli. Þekki til helstu reglna er varða rétttritun og geti beitt þeim við textagerð. Lögð er mikil áhersla á sköpunarþáttinn í ritun.
- **Málfræði:** þekki vel til helstu orðflokka s.s. nafnorða, lýsingarorða, sagnorða og fornafræði en átti sig jafnframt á tilvist óbeygjanlegra orða. Þekki algenga málshætti og orðtök og merkingu þeirra. Vinni með merkingu orða á skapandi hátt og komi jafnvel að nýyrðasmíð skv. Orð af orði.

Námsefni: Málið í mark, Kveikjur, Sérðu það sem ég sé, Sögu- og Flökkuskinna, auk ítarefnis frá kennurum og verkefna af vef.

Inntak náms og kennslutilhögun: Mikil áhersla er lögð á yndislestur sem leið til þess að efla orðaforða, tilfinningu fyrir tungumálinu og þjálfanemendur í því að njóta ólíkra bókmennta. Auk þess verður mikið lagt upp úr umræðum, ritun og skapandi vinnu með tungumálið. Grunnþáttunum sköpun og læsi er gert sérstaklega hátt undir höfði í vinnubrögðum vetrarins en þó er einnig reynt að flétta inn jafnrétti og lýðræði og mannréttindi þegar við á.

Vinnubrögð sem notuð verða eru bein innlagn, umræður, hópavinna og einstaklingsvinna.

Mikil áhersla verður lögð á að tengja námið við líðandi stund og umræður og dæmisögur oft tengdar samtímanum og samfélagslegum umgjörningum.

Námsmat: Sjá kennsluáætlun hvernar annar.

Náttúrufræði

Kennari: Guðrún Anna Óskarsdóttir
Kennslutími: 120 mín

Hæfniviðmið

Gildi og hlutverk vísinda og tækni:

- skýrt hvernig maðurinn hefur haft áhrif á gróðurfar á Íslandi með skógarhöggi, beitingu búfænaðar og skógrækt.
- skýrt hvernig maðurinn hefur áhrif á vistkerfi eins og votlendi og mýrar með framræsingunni.
- rætt kosti og galla skógræktar á Íslandi.

Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum:

- framkvæmt og útskýrt eigin athuganir á lífríki umhverfis skólann.
- framkvæmt og útskýrt athuganir á mismunandi lífverum í smásjá.
- lýst hamskiptum efna með því að framkvæmt tilraun þar sem ís er bræddur og vatnið svo hitað að suðumarki.
- lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- haldið skipulega um gögn og skráningu gagna.
- útbúið einfaldar efnablöndur úr vatni matarsalti og sykri
- framkvæmt efnahvarf þar sem stálull hvarfast við súrefni og útskýrt hversvegna myndefnið er þyngra en stálullinn.
- framkvæmt efnahvarf þar sem matarsóti er hitaður og það myndast CO₂

Að búa á jörðinni:

- útskýrt breytingar á landnotkun og tengsl þeirra við jarðvegseyðingu og orkuframleiðslu
- útskýrt hvað lífvera er, hver eru einkenni þeirra og hvernig líffræðingar hafa flokkað þær niður eftir sameiginlegum einkennum.
- útskýrt muninn á ein- og fjölfrumungum
- útskýrt muninn á plöntufrumu og dýrsfrumu
- hafa skilning á hlutverk baktería í daglegu lífi, kosti þeirra og galla og sjúkdóma af þeirra völdum.
- þekkja hlutverk þörunga í framleiðslu súrefnis.
- þekkja hvernig dýr skiptast í hryggdýr og hryggleysingja og að dýr hafa þróast frá lífi í vatni til lífs á landi.
- útskýrt muninn á frumefnum efnablöndum og efnasamböndum
- nýtt frumeindakennninguna og lotukerfið til að útskýra eiginleika efna, efnabreytingar og hamskipti.
- geta lýst með myndum hvernig frumeindir eru gerðar úr nifteindum, róteindum og rafeindum.

Náttúra Íslands:

- gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum, hegðun þeirra og búsvæðum.
- áttað sig á að erfðir ráðast af genum og hvernig íslenskar lífverur hafa aðlagast umhverfi sínu.
- geta þekkt algengustu sveppi í náttúru Íslands eins og kúalubba, lerkisvepp, gorkúlu og berserkjasvepp.
- þekkja algengustu hópa sveppa: pípusveppi, fansveppi og belgsveppi
- útskýrt hvernig fléttur eru samspil sveppa og þörunga og að fléttur eru oft fyrstu landnemarnir.
- þekkja nokkrar algengar plöntur í náttúru Íslands
- geta útskýrt hvernig plöntur fjölga sér

Heilbrigði umhverfis:

- geta nefnt nokkur algeng spilliefni og viðeigandi meðhöndlun og förgun á þessum efnum svo þau skaða ekki umhverfið.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- útskýrt hvernig frumeindakenningin hefur haft áhrif á þróun samfélagsins
- geta nefnt helstu vísindamenn sem hafa mótað sögu efnafræðinnar.

Inntak náms og kennslutilhögun:

Unnið er í lotum, misjafnlega löngum. Lotur hefjast á stuttum innlögnum og umræðu verkefnum, þar sem nemendur glósa hjá sér helstu hugtök. Nemendur þjálfast sig svo í hugtökunum með fjölbreyttum kennsluháttum eins og stöðvarvinnu, hópavinnu, einstaklingsvinnu, samvinna tveggja, útikennslu og tilraunum.

Nemendur gera munnlega og skriflega grein fyrir hvernig þeir leysa verkefni. Markvisst verður unnið að því að bæta skilning nemenda á fyrirmælum og auka sjálfstæði í vinnu. Nemendur vinna verkefni sem tengjast eigin lífi og atburðum líðandi stundar. Þannig er

stuðlað að sjálfbærri þróun og náttúrulæsi nemenda. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda þar sem fræðitextar eru lesnir og umorðaðir. Nemendur þjálfa sig í notkun nýrra hugtaka og orða úr náttúrufræði. Tenging stærðfræði við náttúrufræði krefst einnig stærðfræðilæsis þar sem nemendur þjálfa sig í notkun jafna sem innihalda ýmis tákni stærðfræðinnar.
- *Lýðræði og mannréttindi* og *jafnrétti* tengjast vinnu nemenda þar sem unnið er í hópum. Lögð er áhersla á virkar samræður nemenda.
- *Sjálfbærni* tengist allri umfjöllun um lífverur og vistkerfi þeirra
- *Heilbrigði og velferð* tengist tjáningu nemenda, að þeir hafi sjálfsöryggi til að ræða um náttúrufræði málefni og segja frá hvernig þeir fóru að því að leysa verkefni.
- *Sköpun* tengist þrautalausnum nemenda þar sem hver og einn setur fram lausnir sínar með þeim hætti sem honum þykir best.

Námsmat:

Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Stærðfræði

Kennari: Guðríður Sveinsdóttir

Stuðningur: Ingibjörg R. Kristinsdóttir

Vikustundir: 3 klst. á viku.

Hæfniviðmið:

- **Tungumál:** Geti útskýrt hugsun sína, leitað lausna og sett viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun og röksemdarfærslu. Nemendur geti sett fram og afmarkað stærðfræðiþrautir í tengslum við daglegt líf og lagt mat á lausnir. Geti lesið úr og sett upp myndrit, gert teikningar og verði læs á jöfnur og föll. Notað hugtök og tákni stærðfræðinnar til að leysa viðfangsefni. Notist við hugtökin minna en og stærra en í stað Gogga gráðuga.
- **Vinnubrögð og beiting stærðfræði:** Unnið skipulega einn eða í samvinnu við aðra. Kynnt og túlkað niðurstöður sínar. Sé læs á stærðfræðilegan texta og tekið afstöðu til upplýsinga sem settar eru fram á tákni stærðfræðinnar. Geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem að afla þarf upplýsinga og meta þær, t.d. um eigin fjármál.
- **Tölur og reikningur:** Geti notað sætiskerfisrithátt og þekkja reglur sem gilda um hann. Þekki samband milli almennra brota – tugabrota og prósentu og geti sett

hlutföll fram á mismunandi hátt. Geti notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikning á daglegum viðfangsefnum. Geti margfaldað brot með broti og heila tölu og brot. Geti deilt með broti í heilatölu og brot. Þekki frumtölur og geti frumþáttað og kynnist ferningstölum.

- **Algebra:** Þekki hugtakið stæða og geti sett fram stæðu eftir orðadæmum. Geti reiknað eftir forgangsröð aðgerða. Geti einfaldað stæður með einni eða fleiri óþekktri stærð og fundið gildi þeirra ef óþekkta stærðin er gefin. Geti einfaldað stæður með því að margfalda inn í sviga. Geti unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur. Kynnist jöfnum og hvernig finna eigi óþekkta stærð. Kynnist jöfnu beinnar línu og geti teiknað línurit fyrir jöfnu í graf.
- **Rúmfræði og mælingar:** Geti notast við hringfara til að teikna hring, sexhyrning og þríhyrninga. Þekki og geti reiknað hugtökin þvermál, geisli, ummál og flatarmál hringa. Geti fundið hornasummu marghyrninga út frá hornalínunum. Þekki og geti reiknað rúmmál ferstrendinga og sívalninga. Nauðsynlegt að notast sé við formúluna $R = G \cdot h$, þar sem að G er flatarmál grunnflatar.
- **Tölur og líkindi:** Geti notað tölfræðihugtök til að túlka gögn og framkvæmt kannanir. Geti skipulagt og framkvæmt einfaldar tölfræðikannanir.

Námsefni: Námsbækurnar Skali 1a og 1b. Einnig ítarefni frá kennurum, meðal annars efni sem notað verður við útikennslu.

Inntak náms og kennslutilhögun: Nemendur gera munnlega og skriflega grein fyrir hvernig þeir leysa verkefni og nota stærðfræðilegan orðaforða og táknmál. Nemendur vinna glósur um stærðfræðilegan orðaforða og þekkingu. Markvisst verður unnið að því að bæta skilning nemenda á fyrirmælum og auka sjálfstæði í vinnu. Nemendur vinna verkefni sem tengjast eigin lífi og atburðum líðandi stundar. Þannig er stuðlað að sjálfbærri þróun og fjármálalæsi nemenda.

Vinnubrögð sem notuð verða eru bein innlögn, hópavinna, einstaklingsvinna, samvinna tveggja, útikennsla og leikir. Nemendur nýta sér heimasíðu kennara til að fá aðstoð, þannig eykst sjálfstæði þeirra í vinnu.

Unnið er í lotum, misjafnlega löngum. Nemendur fá yfirlit í upphafi lotu með þeim dæmum sem unnið skal með. Dæmum er skipt upp í dæmi sem allir skulu klára fyrir lok lotu og síðan eru dæmi fyrir flesta og loks fyrir þá allra duglegustu eða suma. Nemendur vinna á sínum hraða og þannig er stuðlað að sjálfstæðri ákvarðanatöku, lýðræði nemenda og að nemendum líði vel í kennslustundum. Heilbrigði og velferð tengist tjáningu nemenda, að þeir hafi sjálfsöryggi til að ræða um stærðfræðina sín á milli og segja frá hvernig þeir fóru að því að leysa verkefni og aðstoða hvern annan við lausn verkefna. Nemendur eru hvattir til að komast að sinni eigin niðurstöðu með skapandi hætti og á þann hátt sem þeim þykja bestir.

Námsmat: Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Samfélagsfræði

Kennari: Magni Þór Óskarsson

Vikustundir: 80 mín á viku

Hæfniviðmið: Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína stjórna af rökum. Kennsla í samfélagsgreinum á að miða að því að nemendur geti leyst hlutverk sitt sem þátttakendur í flóknu samspili mótandi sviða tilverunnar á skapandi hátt. Nemendur skulu fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum eins og þau geta komið fyrir á öllum þessu sviðum hvort sem um er að ræða fjölskylduna, vinahópinn, skólann eða samfélagið í víðara samhengi. Markmið samfélagsgreina er að nemendur tileinki sér réttisýni sem meðal annars byggir á hæfni til þess að setja sig í spor annarra og hæfni til þess að sjá fyrir afleiðingar gerða sinna fyrir umhverfið og þjóðfélagið í heild.

Reynsluheimur:

- Sýnt fram á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- Ígrundað víxlverkun samfélags, stjórn mála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.
- Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um samfélags- og menningarmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.
- Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður
- Útskýrt mengineinkenni, gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði
- Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum
- Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfispáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum. Bent á og

fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysagildrum í umhverfinu og náttúrunni.

Hugarheimur:

- Hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs síns og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi, búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði,
- greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða.
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum,
- sett sér markmið og framtíðaráætlun, til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga

Félagsheimur

- tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðis legu samstarfi og samræðu,
- útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,
- vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausn og réttisýnan hátt,
- fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum,
- rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum,
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,
- rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi
- sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga,
- ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleysis,
- útskýrt gildi reglna í sam skiptum fólks í fjölskyldu, vina hópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur,

- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt og beitt sér í málefnum sem varða almannaheill,
- sinnt velferð og hag samferðafólks síns.

Inntak náms og kennslutilhögun:

Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar. Verkefni sem unnin verða eru bæði einstaklings- og hópaverkefni. Notast verður við námsefni af vef sem tengjast efninu, orð af orði, hugstormun, umræður, samvinnunám og leikir. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta, ritun og í heimildavinnu
- *Sjálfbærni* tengist umræðum um ýmis álitamál, þar sem nemendur taka til dæmis afstöðu með eða á móti eða velta fyrir sér kostum og göllum.
- *Lýðræði og mannréttindi* og *jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda, sem og ýmsum textum og umræðuefnum sem unnið verður með.
- *Heilbrigði og velferð* tengist tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að lesa upp fyrir aðra, að geta tjáð sig á góðri íslensku og fleira.
- *Sköpun* tengist verkefnavinnu þegar nemendur hafa frjálst val um framsetningu

Námsefni:

Litli kompás, Lýðræði og mannréttindi

Óskabarn-bókin um Jón Sigurðsson, Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar, verkefni af vef sem tengjast Jóni Sigurðssyni, Heimsreisuveturinn, ýmis myndbönd til kennslu og kynningu á menningarmun, jarðhræringum, gróðurfari, landmótun og þ.h.

Námsmat:

Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Enska

Kennari: Magni Þór Óskarsson
Vikustundir: 120 mínútur á viku.

Markmið: að nemandi:

- **Lesskilningur:** Geti skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningu, t.d af myndum. Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. Lesið sér til gagns og

gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.

- **Samskipti:** Geti tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í. Tekist á við margskonar aðstæður í almennum samskiptum t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum. Tekið þátt í skoðanaskiptum, fær einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.
- **Frásögn:** Geti sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt. Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. Geti flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.
- **Ritun:** Geti skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. Geti skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við. Geti tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. Geti leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.
- **Menningarläsi:** hafi til að bera þekkingu á fjölbreyttri menningu enskumælandi svæða s.s. í gegnum lestur, tónlist, kvikmyndir eða fréttir. Kunni skil á mismunandi framburði eða orðaforða eftir menningarsvæðum og geti sett í samhengi við þá menningu sem hann þekkir.
- **Námshæfni:** Geti beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við. Nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða. Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi. Geti unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja. Nýtt sér helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- **Hlustun:** Geti hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

Námsefni: Spotlight 8, málfræðihefti, Stand by me (kvikmynd) auk ítarefnis frá kennara.

Inntak náms og kennslutilhögun: Lögð er áhersla á að töluð sé enska í tímum þó svo að íslenska sé notuð einnig til að koma til móts við alla nemendur svo að fyllsta jafnréttis sé gætt. Lögð er áhersla á að vinna með tungumál sé fjölbreytt og að gera þurfi öllum þáttum þess hátt undir höfði. Sköpun sé gert hátt undir höfði í vinnu nemenda og grunnþátturinn læsi er mikilvæg stoð í námi þeirra.

Vinnubrögð sem notuð verða eru bein innlögn, umræður, hópavinna, samvinnunám og einstaklingsvinna.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðaforða og hugtaka vinnu.

- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda. Í enskukennslunni er lögð mikil áhersla á para og hópavinnu. Nemendur þurfa að geta unnið með öllum og taka tillit til þess að hæfni nemenda er misjöfn.
- *Sjálfbærni* tengist því að nemendur þurfa að sýna sjálfstæð vinnubrögð og hafa frumkvæði í hópa og paravinnu.
- *Heilbrigði og velferð* tengist félagslegri vellíðan og tjáningu nemenda. Í enskukennslunni eru nemendur þjálfaðir markvisst í tjáningu og unnið er að því að styrkja sjálfstraust nemenda til að efla færni í munnlegri tjáningu í ensku.
- *Sköpun* tengist því að nemendur hafa alla jafna frjálst val um leið til verkefnaskila. Ýmis forrit eru í boði hverju sinni og er það á ábyrgð nemenda að útbúa veglegt verkefni.

Námsmat:

Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Danska

Kennari: Einar Logi Vilhjálmsson

Stuðningur: Guðrún Rósa Lárusdóttir

Vikustundir: 2 klst.

Markmið: að nemandi:

- **Lesskilningur:** Geti lesið og skilið megininntak auðlesinna texta af ýmsum toga og unnið með þá á fjölbreyttan hátt. Geti aflað sér upplýsinga úr texta til frekari verkefnavinnu. Skilji einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar um efni sem höfðar til reynsluheims hans og áhugamála.
- **Samskipti:** Geta kynnt sjálfan sig, greint frá aldri og fjölskyldu. Geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. Spurt og svarað um það sem stendur honum næst.
- **Frásögn:** Þjálfir með sér sterka sjálfsmynd sem auðveldi honum að standa frammi fyrir öðrum og flytja mál sitt á dönsku. Geti sagt frá verkefnavinnu og sögupersónum í stuttu máli.
- **Ritun:** Skrifað stuttar setningar og stafsett flest algengustu orðin sem unnið hefur verið með. Lýsi í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamáli og vinum og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki.
- **Menningarlæsi:**
 - Átta sig á hvað er líkt og ólíkt með danskri og íslenskri menningu. Þekkja til ytri umgjarðar menningarsvæðisins og landfræðilega legu.
 - Átti sig á skyldleika erlenda málsins við eigið móðurmál eða önnur tungumál í námi sínu.
- **Hlustun:** geti hlustað eftir upplýsingum og unnið úr þeim. Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum sem er kunnulegt úr heimi barna og unglunga. Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Námsefni: Smart lesbók og verkefnabók, Tænk læsebog og opgavebog A. Einnig ítarefni frá kennurum, og efni af netmiðlum. Notast verður við, forritið Duolingo, heimasíðuna ullonollo.wix.com/merkin og fleiri síður. Unnið verður verkefni upp úr kvikmyndum, einnig ýmsir lestextar og fleira sem getur aukið á fjölbreytni í kennslustundum.

Inntak náms og kennslutilhögun: Kennsla mun fara fram bæði á dönsku og íslensku. Notast verður við mismunandi kennsluhætti, bein innlögn, umræður, hópavinna, samskipta og tjáningaleikir, stuttmyndagerð, einstaklingsvinna og kvikmyndaáhorf og fleira efni af veraldarvefnum.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta, orðaforða og hugtaka vinnu.
- *Lýðræði og mannréttindi* og *jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda. Í dönskukennslunni er lögð mikil áhersla á para og hópavinnu. Nemendur þurfa að geta unnið með öllum og taka tillit til þess að hæfni nemenda er misjöfn.
- *Sjálfbærni* tengist því að nemendur þurfa að sýna sjálfstæð vinnubrögð og hafa frumkvæði í hópa og para-vinnu.
- *Heilbrigði og velferð* tengist félagslegri vellíðan og tjáningu nemenda. Í dönskukennslunni eru nemendur þjálfaðir markvisst í tjáningu og unnið er að því að styrkja sjálfstraust nemenda til að efla færni í munnlegri tjáningu á dönsku.
- *Sköpun* tengist sérstaklega inn í dönskukennsluna í gegnum munnlega þáttinn. Nemendur vinna við teiknimyndasögugerð, stuttmyndagerð og leikritargerð, þar sem sköpunarhæfileikar nemenda koma við sögu.

Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Heimilisfræði val

Kennari: Matthildur Matthíasdóttir

Vikustundir: 1.5 klst á viku

Hæfniviðmið

Matur og lífshættir

- tjáð sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufar
- greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu

- farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu
- greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldbindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi

Matur og vinnubrögð

- Skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni
- Beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúshöld
- Greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum

Matur og umhverfi

- sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í vítt samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun sjálfbærni
- rætt þátt auglýsinga og upplýsinga um merkingar verð og gæði neysluvara í tengslum við neytendavernd og tjáð sig um gæði, geymslu og aukefni í matvælum

Matur og menning

- sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðrétti

Námsefni: Efni frá kennara og nemendum

Inntak náms og kennslutilhögun: Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að heilbrigði og velferð og hagsýni og verndun umhverfis.

Verkleg þjálfun liggur eins og rauður þráður í gegnum allt heimilisfræðinámið þar sem sköpun og sköpunargleði fær að njóta sín ásamt virkni við matreiðslu og heimilisstörf. Nemendur læra að virða jafnrétti þar sem ólík sjónarmið og mismunandi siðir og venjur fólks eru í fjölmenningsarsamfélagi.

Námið er hugsað í þrepum sem þyngjast stig af stigi þar sem farið er frá hinu einfalda til hins flókna, frá hinu nálæga og þekkta til hins fjarlæga og ókunna. Í upphafi náms er lögð áhersla á grundvallaratriði en með aukinni þjálfun og sjálfstæðum vinnubrögðum við verklegt og bóklegt nám þarf að gera auknar kröfur um skilning og leikni.

Læsi nemanda er ein forsenda þess að hann geti tileinkað sér námsefni í heimilisfræði eins og í öðrum námsgreinum. Nemandinn þarf að skilja orð og hugtök sem notuð eru og þeir geti farið eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.

Mál- og lesskilningur nemanda er ein forsenda þess að hann geti tileinkað sér námsefni í heimilisfræði eins og í öðrum námsgreinum. Nemandinn þarf að skilja orð og hugtök sem notuð eru og geta farið eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.

Námsmat: Verklegr þjálfun er stór hluti heimilisfræðinnar og námsmatið því byggt upp á símati þar sem metin er samvinna, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Nemendur fá einkunn í formi talna í lok hverrar annar.

Sjónlistir

Bekkur: 8.-10.bekkur valgrein

Kennari: Skapti Runólfsson

Kennslutími: 90 mín

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla.
- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni.
- sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal.
- skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin myndunarafli og / eða rannsókn, myndrænt og/ eða í texta.
- gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í sam vinnu.
- greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.

Inntak náms og kennslutilhögun:

Kennt er með sýnikennslu verkefni kynnt og sýnd og um þau rætt. Einnig er stuðst við myndbönd og bækur. Nemendur vinna ákveðin skylduverkefni auk frjálsra verkefna með mismunandi aðferðum kvikmyndagerðarinnar, hvort sem það eru tónlistarmyndbönd eða hreyfimyndagerð.

Megintilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

Læsi tengist allri vinnu nemenda með texta og myndum. Nemendur fá tækifæri til að lesa úr umhverfi sínu ásamt að lesa og túlka myndmál úr listaverkum.

Sjálfbærni að nemendur séu meðvitar um umhverfisvernd og endurvinnslu, með því að nota endurvinnanleg efni til listsköpunar.

Jafnrétti að allir nemendur fái sömu tækifæri til listsköpunar á sýnum forsendum.

Lýðræði og mannréttindi tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.

Heilbrigði og velferð tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Sköpun Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.

Námsefni: Notast verður kennsluefni útbúið af kennara, skoðaðar bækur, sýnd myndbönd ásamt þess að nota netið áður en hafist er handa við verkefnin.

Heimanám: Ekkert

Námsmat: Námsmat er byggt á símati nemenda og er skipt í eftirfarandi þætti:

Afurð (verkefni)

Hegðun/framkoma

Vandvirkni, iðni/afköst, sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsagnir í lok hverrar annar.

Íþróttaval

Kennari: Ása Fönn Friðbjarnardóttir

Kennslustundir á viku: 1.5 klst.

Hæfniviðmið

- Geta tekið þátt í hópíþróttum, einstaklingsíþróttum og heilsurækt innan og utan skólans.
- Geta sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem reyna á hámarksgetu og úthald í kyrrstöðu og hreyfingu.
- Geta nýtt sér stöðluð próf til að meta þrek, hreysti, liðleika og samhæfingu.
- Skýrt helstu áhrif hreyfingar á líkamlega og andlega líðan og mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald íkamans.

- Vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans.
- Sett sér skammtíma- og langtímamarkmið í heilsurækt, gert og framkvæmt eigin þjálfunaráætlun á grundvelli niðurstaðna prófa.
- Sýnt ábyrgð á eigin heilbrigði. Rætt kynheilbrigði, kyn- og staðalímyndir, afleiðingar eineltis og tekið afstöðu gegn ofbeldi.
- Skilja mikilvægi virðingar, góðrar framkomu, góðrar ástundunar, sjálfsaga, sjálfstæðra vinnubragða, samvinnu og tilitssemi.

Inntak- náms og kennslutilhögun

Ýmis form heilsuræktar kynnt. Þannig er hægt að gefa nemendum kost á að kynnast því hversu margt er í boði svo þeir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð sem nýtist í vali á alhliða líkams- og heilsurækt í framtíðinni. Farið verður vítt og breitt í allt sem styður við heilbrigðan lífsstíl ungmenna. Næring, hvíld, svefn, hreyfing og lífsstíll eru þar á meðal.

Efla styrk, þol og liðleika. Kenna rétta líkamsbeitingu og efla sjálfsvitund. Nemendur læri að bera ábyrgð á eigin heilsu þ.e. hreyfingu mataræði/næringu og andlegri líðan. Nemendur geti sett sér raunhæf markmið til að stefna að í lífinu. Nemendur geti metið á sjálfsæðan hátt eigin lífsgildi og lífsstíl óháð fyrirmyndum og staðalmyndum samfélagsins. Njóta útiveru í tengslum við hreyfingu t.d. hjólræðið og skokk.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist umfjöllun um hinar ýmsu merkingar og reglur. Nemendur þurfa að hlusta á og lesa ólík fyrirmæli og þeir skrá niður árangur t.d. í stöðvaþjálfun.
- Sjálfbærni* tengist umræðum um ýmis álitamál, þar sem nemendur taka til dæmis afstöðu með eða á móti eða velta fyrir sér kostum og göllum.
- Heilbrigði og velferð tengist ýmsum þáttum sem rætt er um t.d. mikilvægi hreyfingar, sturtu og þrífnaðar, mikilvægi þess að kunna að synda.
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti tengist t.d. þátttöku fatlaðra í tímum, umfjöllun um jafnræði í íþróttum.
- Sköpun birtist t.d. í hinum ýmsu leikjum og þegar nemendur setja upp þrautabrautir.

Námsmat

Ástundun, hegðun og virkni nemenda í tímum vega þyngst. Einkunn er gefin eftir hverja önn.